

# Málfundir um öryggismál sjómanna

## Grindavík

Fundur haldinn 31. mars kl. 20:00 í húsnæði björgunarsveitarinnar Þorbjarnar. Fundarstjóri var Sævar Gunnarsson formaður Sjómannasambands Íslands.

Staðkunnugur einstaklingur:  
Sigurður Jónsson stýrimaður.

## Umræður

### Björgunarmál almennt

Umræður voru um fyrirhugaða sameiginlega leitar- og björgunarstöð allra aðila sem að björgunarmálum koma á Íslandi. Spurt var um afstöðu Landhelgisgæslunnar gagnvart því fyrirkomulagi. Einnig var spurt hvort eitthvað væri því til fyrirstöðu að STK tæki séu í gangi í varðskipum meðan á leit og björgun stendur. Fram kom að Landhelgisgæslan vinni samkvæmt gildandi lögum og reglum hverju sinni.

### Neyðarsendingar og fjarskiptamál

Rætt var um hvernig skipstjórnarmenn standa að beiðnum um aðstoð. Fram kom að algengt sé orðið að neyðarboð berist í gegnum farsíma og telst það vera óheppileg þróun þar sem það er eingöngu tveggja manna tal en ef neyðarboðin eru send út í talstöð þá berast þau strax til allra nærstaddra skipa. Fram kom það sjónarmið að skipstjórnarmenn biðji um aðstoð vegna veikra eða slasaðra í gegnum farsíma því ekki er æskilegt að upplýsingar um t.d. slys um borð berist víða fyrir en aðstandendur allra í áhöfn viðkomandi skips hafa verið upplýstir um atvikið. Það þarf að gera til að vekja ekki óþarfa ótta hjá þeim ef þeir skyldu fréttast fyrst af atvikinu í fjölmiðlum. Fundarmenn voru sammála um að sjálfsagt sé að senda strax neyðarkall í talstöð á rás 16 ef skip er í yfirvofandi hættu og samhliða má þrýsta á neyðarhnapp STK tækis. Fram kom að alltaf er hægt að afturkalla neyðarboð þannig að ekki er þörf á að bíða með að senda það út þar til aðstæður verða óviðráðanlegar.

### STK kerfið

Umræður voru um tímann sem þarf til að virkja neyðarhnapp STK-tækis. Hann hefur þótt vera of langur. Fram kom að tíminn hefur verið stytur niður í um 2 sek. Einnig kom fram að vaktmenn Tilkynningarskyldunnar óski þess að skipstjórnarmenn tilkynni skip sín með talstöð úr höfn þó að STK-tæki sé um borð.

Athugasemd kom um það að STK-tæki væru ekki skylduð eða “markaðsett” fyrir skemmtibáta. Fram kom að ekki hafi verið sérstakt átak í gangi varðandi skemmtibáta um að þeir fái sér tæki, en allir geta fengið sér þau í báta sína.

Bent var á að mögulegt sé að bæta neyðarhnöppum við STK tæki sem hægt væri að staðsetja hvar sem er um borð í skipinu.

### Menntun og þjálfun sjómanna

Fram kom að þekking áhafna skipa á notkun skipsbúnaðar væri ekki alltaf nógu góð. Dæmi var tekið um atvik þegar nauðsynlega þurfti að nota skipskrana út á sjó en áhöfn þess skips hafði aldrei áður snert kranann og kunni því lítið með hann að fara (menn í landi sjá um löndun). Einnig var tekið dæmi um að áhafnir væru oft ekki látnar vita af öryggisbúnaði sem settur hefur verið um borð í skipin.

Umræður voru um björgunaræfingar um borð í skipum. Ljóst þykir að þær eru almennt ekki haldnar samkvæmt kröfum. Ábending kom frá skipstjórnarmanni um að mikilvægt sé fyrir áhafnir skipa að fá leiðbeinendur um borð í þau til að koma

áhöfnunum af stað með að halda æfingar um borð ásamt því að útgerð og áhöfn þurfi að skipuleggja í sameiningu æfingar og fræðslu um borð í skipunum. Tekið var undir að gott væri að taka alla áhöfnina í einu í slíka kennslu. Fram kom að slík kennsla er á endurmenntunarnámskeiðum í öryggisfræðslu hjá Slysavarnaskóla sjómanna.

### **Annað**

Umræður voru um slys á sjó, slysatíma og breytilegar aðstæður eftir árstíma.

Bent var á að almenn umræða um öryggismál sjómanna beinist einkum að skipum í atvinnurekstri og hafa öryggismál skemmtibáta orðið útundan. Svo virðist vera að stjórnvöld hafi brugðist þeim.